

Bæjarstjórn Blönduósbæjar  
36. FUNDUR – 27. apríl 2009

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 36. fundar mánudaginn 27. apríl 2009 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Stefanía ritaði fundargerð. Mæting samkvæmt undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. **Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2009**
2. **Framkvæmdir við sundlaug**
3. **Samþykkt um gatnagerðargjald í þéttbýli Blönduósbæjar – síðari umræða**
4. **Fundargerðir:**
  - a. **Bæjarráð frá 25. mars 2009**
  - b. **Bæjarráð frá 1. apríl 2009**
  - c. **Bæjarráð 24. apríl 2009**
  - d. **BS. um Félags- og skólaþjónustu frá 24. mars 2009**
  - e. **Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd frá 11. mars 2009**
  - f. **Stjórnar SSSNV frá 3. apríl 2009**
  - g. **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 26. mars 2009**
  - h. **Meningarráð Norðurlands vestra frá 2. mars 2009**
  - i. **Meningarráð Norðurlands vestra frá 23. mars 2009**
  - j. **Meningar- og fegrunarnefnd frá 2. apríl 2009**
  - k. **Meningar- og fegrunarnefnd frá 13. apríl 2009**
  - l. **Brunavarnir A-Hún frá 17. mars 2009**
  - m. **Brunavarnir A-Hún frá 25. mar 2009**
5. **Spurningar frá Jónu Fanneyju Friðriksdóttur frá 20. apríl 2009**

**Afgreiðslur:**

1. **Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2009**

Mætt er til fundarins fjármálastjóri bæjarins. Bæjarstjóri fór yfir stöðu fyrstu þriggja mánaða ársins, fjármálastjóri svaraði fyrirspurnum. Bæjarfulltrúar ræddu stöðuna, sem er nokkuð viðunandi en gæta þarf aðhalds.

Ákveðið að endurskoða fjárhagsáætlunina aftur að þremur mánuðum liðnum. Fjármálastjóri yfirgaf fundinn.

Eftirfarandi bókun var lögð fram af Jónu Fanneyju Friðriksdóttur;

„ Með tilliti til efnahagshrunsins í landinu ákvað bæjarstjórn að endurskoða fjárhagsáætlun ársins 2009 í apríl og er sá liður fyrsti dagskrárliður þessa fundar.

Í þeim gögnum sem fylgja þessum fyrsta dagskár lið liggur fyrir að fyrstu þrjú mánuði ársins (jan-mars) eru rauntölur tekna að lækka verulega umfram samþykktu áætlun 2009, þar á meðal er Jöfnunarsjóðsframlag að lækka um 25,7% og útsvar um 6,2%. Fjármagnstekjur í A sjóði lækka um 411% frá jan-mars á móti því sem búist var við í heildaráætlun. Ekki er við öðru að búast en að lækkun skatttekna haldi út allt árið.

Á móti þessum miklu lækkunum tekna sem hér eru nefndar eru tekin raunútgjöld fyrstu 3 mánuði ársins (jan-mars) en eðli málsins skv. eiga helstu kostnaðarliðir sem taka á samþykktu áætlun í heild sinni eftir að falla á þegar líður á árið.

Fyrirliggjandi gögn skekkja því algjörlega heildarmynd ársins og taka í raun ekki á þeim raunverulega vanda sem blasa mun við í fjármálum sveitarfélagsins þegar líða tekur á árið. Einungis er um að ræða stöðumat fyrstu þrjú mánuði ársins en ekki endurskoðaða

heildaráætlun fjármála ársins eins og dagskrárliðurinn „endurskoðuð fjárhagsáætlun 2009“ kveður á um.

Undirrituð telur fyrirbyggjandi vinnugögn engan vegin standast kröfur um heildarendurmat fjármála sveitarfélagsins á árinu og krefst vandaðari vinnubragða af hálfu meirihlutans á mjög svo viðsjárverðum tímum í efnahagslífi landsins.

Undirrituð getur ekki samþykkt þau gögn sem liggja fyrir vegna endurskoðaðrar áætlunar ársins 2009 enda einungis um stöðugreiningu fyrstu 3ja mánaða ársins að ræða en ekki heildstæða endurskoðun fjármála sveitarfélagsins eins og dagskrárliðurinn gerir ráð fyrir“.

Jóna Fanney Friðriksdóttir.

Eftirfarandi bókun lögð fram:

„Undirritaðir vilja þakka starfsmönnum bæjarins fyrir vandaða vinnu við endurskoðun á fjárhagsáætlun 2009. Rekstur sveitarfélagsins er í góðu samræmi við fjárhagsáætlun og gefur ekki tilefni til breytinga á einstökum liðum hennar“ . Undir bókunina rita

Ágúst Þór Bragason, Valgarður Hilmarsson, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, Valdimar Guðmannsson, Kári Kárason og Héðinn Sigurðsson.

## **2. Framkvæmdir við sundlaug**

Ágúst Þór skýrði frá tilboði sem borist hefur í næsta áfanga sundlaugarbyggingar.

Bæjarstjórn er sammála um að fara betur yfir þessi gögn og leggja fyrir bæjarstjórn á næsta fundi.

## **3. Samþykkt um gatnagerðargjald í þéttbýli Blönduósbæjar – síðari umræða**

Samþykkt um gatnagerðargjöld í þéttbýli Blönduósbæjar borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

## **4. Fundargerðir:**

### **a. Bæjarráð frá 25. mars 2009**

Fundargerðin sem er í 15 liðum kynnt og tekin til umræðu. Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### **b. Bæjarráð frá 1. apríl 2009**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin síðan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

### **c. Bæjarráð 24. apríl 2009**

Fundargerðin kynnt. Talsverðar umræður urðu um fundargerðina og þá helst um atvinnumál og safnamál. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

### **d. BS. um Félags- og skólalþjónustu frá 24. mars 2009**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

### **e. Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd frá 11. mars 2009**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

### **f. Stjórnar SSNV frá 3. apríl 2009**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**g. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 26. mars 2009**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**h. Menningarráð Norðurlands vestra frá 2. mars 2009**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**i. Menningarráð Norðurlands vestra frá 23. mars 2009**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**j. Menningar- og fegrunarnefnd frá 2. apríl 2009**

Fundargerðin kynnt og rædd, fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

**k. Menningar- og fegrunarnefnd frá 13. apríl 2009**

Fundargerðin kynnt og rædd, fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

**l. Brunavarnir A-Hún frá 17. mars 2009**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**m. Brunavarnir A-Hún frá 25. mar 2009**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**5. Spurningar frá Jónu Fanneyju Friðriksdóttur frá 20. apríl 2009**

**1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun Blönduósbæjar 2009**

Skv. nýlegri samantekt sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið saman um staðgreiðsluskatta fyrstu þrjú mánuði ársins er ljóst að tekjur sveitarfélaga hafa dregist verulega saman á raunvirði. Eins og fram kemur í viðræðum við formann Sambands íslenskra sveitarfélaga eru öll sveitarfélög í landinu nauðbeygð til að skera niður vegna aukinna gjalda og skertra tekna. Þessi háttur mun þurfa að vera á a.m.k. út þetta ár.

- a. (62. gr. sveitarstjórnarlaga) Óskað er eftir að öll gögn vegna endurskoðaðar fjárhagsáætlunar 2009 sem unnin hafa verið í bæjarráði frá því að endurskoðun hófst, verði send út með fundargögnum bæjarstjórnar sem haldinn verður 27. apríl nk, þar sem m.a. kemur fram hvaða sparnaðar- og hagræðingarleiðum meirihluti í bæjarstjórn Blönduósbæjar hyggst beita til að mæta því efnahagsástandi sem nú blasir við og ekkert lát virðist á.
- b. Óskað er eftir að greinargerð með endurskoðaðari fjárhagsáætlun verði send út með fundargögnum bæjarstjórnar eins og til stóð með upphaflegri fjárhagsáætlun.
- c. Óskað er eftir yfirliti yfir rekstur deilda (A og B fyrirtækja) fyrstu 3 mánuði ársins í samanburði við fjárhagsáætlun ársins.

**2. Þóknun fyrir fundarsetu í byggðasamlögum og nefndum Blönduósbæjar**

Við fjárlagagerð ársins 2009 eða á fundi bæjarstjórnar þann 13. janúar sl. gerði undirrituð alvarlegar athugasemdir yfir háan launakostnað vegna fundarsetu kjörinna

fulltrúa í byggðasamlögum (en í öllum tilfellum sitja f.h. Blönduósbæjar bæjarfulltrúar meirihlutans þessa fundi). Vegna gagnrýni minnar var í kjölfarið samþykkt samhljóða á þessum fundi bæjarstjórnar 13. janúar sl., og að frumkvæði undirritaðrar „að vísa umræðu um fjárhagsáætlanir byggðasamlaga til frekari umræðu í bæjarráði“.

- a. Á hvaða fundi bæjarráðs voru laun fulltrúa í byggðasamlögum til endurskoðunar í bæjarráði, sbr. bókun bæjarstjórnar frá 13. janúar sl.?
- b. Þegar undirrituð innti eftir því við fjárhagsáætlanagerð í janúar sl. hver greiðsla fyrir fundarsetu per mann væri vegna fundarsetu fulltrúa Blönduósbæjar í byggðasamlögum, var mér tjáð munnlega að greiðsla fyrir hverja fundarsetu í byggðasamlagi væri um 30.000 kr. per fund á mann. Er það rétt eða er upphæðin hærri eða lægri?
- c. Á hvaða fundi bæjarstjórnar voru kjör fulltrúa Blönduósbæjar í byggðasamlögum lögð fram til samþykktar í bæjarstjórn og hver undirritar/samþykkir kjörin f.h. Blönduósbæjar?
- d. Ef það er rétt sem undirritaðri hefur verið tjáð munnlega, að greitt sé um 30.000 kr. per fund á mann vegna fundarsetu í byggðasamlagi, af hverju er þá einungis greitt um kr. 7.800 per fund á mann fyrir fundarsetu almennra bæjarbúa sem sitja í nefndum á vegum Blönduósbæjar s.s. skólanefnd, skipulags- og byggingarnefnd osfrv.? Vinsamlegast færið rök fyrir því af hverju fundarseta á byggðasamlagsfundi (fulltrúar meirihlutans í bæjarstjórn) er 285% herra metinn í launum en framlag almennra bæjarbúa sem sitja í nefndum á vegum sveitarfélagsins?
- e. Undirrituð fer þess á leit við meirihluta Blönduósbæjar að umræddur samningur um kjör nefndarmanna í byggðasamlögum verði sendur út með fundargögnum bæjarstjórnarfundar til umræðu þ. 27. apríl nk. skv. vandaðri stjórnsýslu.

### **3. Launahækkunir yfirstjórnenda Blönduósbæjar síðustu misseri**

Við fjárhagsáætlanagerð 2009 er ljóst að skera þurfti niður rekstrarkostnað á öllum sviðum og var starfskonum Leikskólans Barnabæjar m.a. sagt upp yfirvinnu vegna starfsmannafunda og sparar sú aðgerð um 500.000 kr. á ársgrundvelli. Hvað hefur verið skorið niður í rekstri yfirstjórnunar á bæjarskrifstofu?

Með samanburði milli ára má lesa úr fjárhagsáætlun/ársreikningi síðustu ára að laun stjórnenda (bæjarstjóra/sviðsstjóra) á bæjarskrifstofu hafa hækkað töluvert umfram almennar launahækkunir sbr. kjarasamninga undanfarið. Skv. stjórn og fundarsköpum ræður bæjarstjórn bæjarstjóra en bæjarstjóri ræður sviðsstjóra/yfirmenn deilda sem starfa á skrifstofu.

- a. Hvað hafa grunnlaun bæjarstjóra hækkað mikið hlutfallslega (í % talið), frá því að fráfarandi bæjarstjóri hætti og núverandi bæjarstjóri tók við að frátöldum almennum launahækkunum á vinnumarkaði?
- b. Hvað hafa grunnlaun (þ.m.t. föst yfirvinna og önnur hlunnindi) umsjónarmanns tæknideildar hækkað mikið hlutfallslega (í % talið) frá því að forveri hans hætti í starfi og núverandi starfsmaður tók við að frátöldum almennum launahækkunum á vinnumarkaði?

- c. Hvað hafa grunnlaun byggingarfulltrúa (þ.m.t. föst yfirvinna) hækkað mikið hlutfallslega (í % talið) frá því að starfsmaðurinn var ráðinn af þáverandi bæjarstjóra til dagsins í dag fyrir utan almennar launahækkunir skv. kjarasamningum?
- d. Hvað hafa grunnlaun fjármálastjóra (þ.m.t. föst yfirvinna) hækkað mikið hlutfallslega (í % talið) frá því að starfsmaðurinn var ráðinn af þáverandi bæjarstjóra til dagsins í dag, fyrir utan almennar launahækkunir skv. kjarasamningum?

#### **4. Kynning á starfsemi Textílseturs og samningi við Hólaskóla**

Rætt var um það á síðasta fundi bæjarstjórnar að fá kynningu á starfsemi Textílseturs og samning við Hólaskóla.

- a. Undirrituð óskar eftir því að umrædd kynning verði að veruleika eins og bæjarstjórn ræddi um.
- b. Þar sem Blönduósbær hefur skuldbundið sig til að gera upp Kvennaskólabygginguna skv. samningi við Hólaskóla óskar undirrituð eftir að framkvæmdaáætlun um standsetningu skólans verði lögð fram ásamt kostnaðar- og útgjaldaáætlun næstu ára og að greint verði hvað þessi skuldbinding hefur mikinn kostnaðarauka fyrir Blönduósbæ í för með sér.

#### **5. Jafnréttisnefnd**

- a. Í málefnasamningi nýs meirihluta er lögð áhersla á jafnréttismál með stofnun jafnréttisnefndar. Undirrituð óskar eftir því að hlutverk jafnréttisnefndar verði skýrt á fundi bæjarstjórnar 27. apríl nk. og að fundargerðir nefndarinnar verði settar á heimasíðu sveitarfélagsins líkt og annarra nefnda.

**Óskað er eftir að ofangreindar spurningar og svör við þeim verði færð til bókar á komandi bæjarstjórnarfundum.**

*Blönduósi, 20. apríl 2009.  
Jóna Fanney Friðriksdóttir*

Svör við spurningum Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur sem voru með bréfi dags. 20. apríl 2009.

#### **1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun Blönduósbæjar**

Sjá afgreiðslu 1. liðar

## **2. Þóknun fyrir fundarsetu í byggðasamlögum og nefndum Blönduósbæjar**

Á fundi bæjarstjórnar þann 13. maí 2008 samþykkti bæjarstjórn Blönduósbæjar fyrirbyggjandi drög að samstarfssamningi sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu. Þar var ákveðið að þóknun til stjórnar byggðasamlaga yrði 2,5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.

## **3. Launahækkarnir yfirstjórnenda Blönduósbæjar síðustu misseri**

Launasamningur bæjarstjóra var lagður fram og samþykktur af bæjarstjórn 12. febrúar sl.

Laun starfsmanna Blönduósbæjar eru greidd samkvæmt kjarasamningum miðað við þeirra menntun og starfsreynslu.

## **4. Kynning á starfsemi Textílseturs og samningi við Hólaskóla**

Í samkomulagi við Háskólann á Hólum um stofnun háskólaseturs á Blönduósi er þess hvergi getið að Blönduósbær hafi skuldbundið sig til að gera upp Kvennaskólabygginguna sbr. meðfylgjandi samkomulag um stofnun háskólaseturs á Blönduósi.

## **5. Jafnréttisnefnd.**

Jafnréttisnefnd var kosin á fundi 12. febrúar sl. Nefndin hefur enn ekki komið saman.

*Aðgangur að gögnum:*

Ótvírætt er að 30. gr. laganna veitir sveitarstjórnarmönnum rétt til að fá upplýsingar um málefni er varða reksturs sveitarfélagsins og stofnana þess. Ef þær upplýsingar tengjast einnig málefnum einstaklinga, svo sem launamálum starfsmanna sveitarfélags eða skuldastöðu einstaklinga við sveitarsjóð, ber að gæta trúnaðar um þær.

Rétt er að benda á að til þess að uppfylla þessa upplýsingaskyldu gagnvart sveitarstjórnarmanni er ekki nauðsynlegt samkvæmt sveitarstjórnarlögunum að fyrirspyrjandi fái umræddar upplýsingar afhentar heldur kann í mörgum tilvikum að nægja að hann fái tækifæri að kynna sér þær á skrifstofu Blönduósbæjar að höfðu samráði við bæjarstjóra. Verður að telja eðlilegt að upplýsingar er varða einkamálefni einstaklinga fari ekki út af skrifstofu sveitarfélags.

Jafnframt að í rétti sveitarstjórnarmanna til aðgangs að gögnum felist ekki fyrirvaralaus réttur til að fá svör við spurningum. Auk þess hefur réttur til gagna almennt verið skýrður sem réttur til fyrirbyggjandi gagna en ekki skilyrðislaus réttur til að láta útbúa eða taka saman gögn.

Blönduós 27. apríl 2009

Tekið skal fram að Ágúst Þór Bragason vék af fundi undir umræðum um 3. lið.

Eftirfarandi bókun lögð fram;

„Skv. sveitarstjórnarlögum og 11. gr. 3 liðar um stjórn og fundarsköp Blönduósbæjar óskaði undirrituð skriflega eftir því að að gögn mín með spurningum til meirihlutans yrðu send út með fundarboði bæjarstjórnar.

Undirrituð harmar það að meirihluti í bæjarstjórn Blönduósbæjar hafi hunsað þá skriflegu kröfu mína og rétt minn um að senda umrædd gögn út með fundarboði. Brýnir undirrituð meirihlutann að virða óskir minnihlutans framvegis sem byggja á rétti bæjarfulltrúa skv. lögum enda eiga ákvörðun um útsend gögn með fundarboði bæjarstjórnar ekki að byggja á geðþóttaákvörðunum meirihlutans hverju sinni“.

Undir bókunina ritar, Jóna Fanney Friðriksdóttir.

Eftirfarandi bókun lögð fram;

„Undirrituðum þykir miður að farist hafi fyrir að senda út spurningar Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur, bæjarfulltrúa dagsettar þann 20 apríl með gögnum bæjarstjórnarfundar en gögnin höfðu borist öllum bæjarfulltrúum þannig að þeim var fullkunnugt um efni og innihald þess“. Undir bókunina rita þeir, Valgarður Hilmarsson Ágúst Þór Bragason, Kári Kárason, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, Valdimar Guðmannsson og Héðinn Sigurðsson.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:40

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Stefanía A. Garðarsdóttir (sign)

Héðinn sigurðsson (sign)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)

Ágúst Þór Bragason(sign)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign)